

ERU FERÐAMÁL HÁSKÓLAMÁL? ÞRÓUN OG GILDI NÁMSKRÁR Í FERÐAMÁLAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor, Háskóli Íslands

Ferðamálafræði er ungt fræðisvið á alþjóðlegum vettvangi. Nám til BS gráðu í ferðamálafræði hefur verið í boði við Háskóla Íslands frá árinu 2001. Á þeim tíma hefur námskrá námsleiðarinnar verið í mótun um leið og fræðasvið ferðamála hefur verið að vinna sér sess í samfélaginu og innan akademíunnar. Hér verður fjallað um þróun námskrár í ferðamálafræði við HÍ og þau gildi sem hún byggir á. Einnig verða dregnar fram spurningar og álitamál um hvernig háskólar sem rannsókn- og menntastofnanir sinna hlutverki sínu sem best. Erindið byggir á rannsókn sem miðaði að því að lýsa þróun og gildum námskrár í ferðamálafræði við HÍ og hugmyndum akademískra starfsmanna námsleiðarinnar um hlutverk og markmið námsins. Rannsóknin byggir á eiginlegum aðferðum. Gögnum var aflað með hálfstöðluðum viðtölum og rýni fyrirbyggjandi gagna. Niðurstöður draga fram það sem kalla má námskrárrými (e. curriculum space) ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Það grundvallast á tengingu fræðilegrar og hagnýtrar þekkingar eins og henni er lýst af viðmælendum. Þetta rými er einnig mótað af innri og ytri áhrifavöldum svo sem hugmyndum aðila í atvinnulífinu um gildi og markmið háskólanáms í ferðamálafræði, stöðu ferðamálafræði sem fræðigreinar í stigveldi háskólasamfélagsins og svigrúmi starfsfólks til að móta námskrá greinarinnar. Grundvallarþættir námskrárinnar eru fremur skýrir þar sem leitast er við að tvinna saman hagnýta og fræðilega þætti í samhengi náttúru og umhverfis, menningar og viðskipta. Niðurstöður skerpa skilning og meðvitund á gildum og því félagslega samhengi sem hefur mótað ferðamálafræði. Greining á námskrárrými ferðamálafræði skapar grundvöll fyrir samtal ólíkra hagsmunaaðila um hlutverk og gildi háskólanáms í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.